

Sb. **503. Tillaga til þingsályktunar** [256. mál]
um rannsókn á framtíðarvegarstæði milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs.

Flm.: Tryggvi Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn á framtíðarvegarstæði milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs.

Greinargerð.

Byggðin norðan Smjörvatnsheiðar býr við mjög erfiðar samgöngur yfir vetrarmánuðina, og þar er líka veturinn langur. Vegakerfi er þannig háttáð, að á löngum köflum hefur jarðýta rutt slóð, sem auðvitað er þá niðurgrafin, og tekur snjó síðast úr þessum gjótum. Þetta heita þó þjóðvegir. Hafisvegur til norðurs frá Vopnafirði og síðan vestur til Húsavíkur hefur verið á dagskrá undanfarið og væntanlega fer hann að koma að gagni á næsta vetri, en enn eru óuppbyggðir langir kaflar, sem lokast í fyrstu snjóum. Samkvæmt snjómokstursreglum er þar opnað hálfsmánaðarlega og er það æðilangt frá nútímakröfum.

Í suður til Fljótsdalshéraðs er vegnefna um Hellisheiði opin tvo mánuði yfir hásumarið. Þar er þó naumast hægt að tala um nema jeppaslóð, enda fer sú gata í himnahæð yfir sjávarmál. Viðskipti byggðanna norðan heiða (Hellisheiðar, Smjörvatnsheiðar) og sunnan eru margvísleg, enda allar stjórnslustöðvar Austurlands ýmist á Héraði eða niðri á fjörðum, þar með taldir bankar.

Ef hafis leggst að Norðurlandi og suður með Austfjörðum gæti hafisvegurinn komið að takmörkuðum notum til aðdráttu úr þeirri átt, en vegur milli Vopnafjarðar og Héraðs gæti þá orðið flutningsleið, ekki einasta til næstu byggða norðan heiða, heldur áfram norður (til Þórshafnar, Raufarhafnar, Kópaskers).

Því er þess vænst að þessu erindi verði vel tekið.